

**113. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
17. september 2019 og hófst hann kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Bára Daðadóttir formaður, Sandra Margrét Sigurjónsdóttir varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Ágústa Andrésdóttir forstöðumaður íþróttamannvirkja, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir verkefnastjóri og Þorgeir Hafsteinn Jónsson fjármálastjóri.

Fundargerð ritaði: Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir, Verkefnastjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 1908333 - Breyting á opnunartíma íþróttamannvirkja

Kynning á breyttum opnunartíma íþróttamannvirkja.

Ágústa Rósa Andrésdóttir forstöðumaður íþróttamannvirkja situr fundinn undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð þakkar fyrir kynninguna og samþykkir tillögu forstöðumanns um breytingar á opnunartíma íþróttamannvirkjanna.

Ráðið bendir á að um tilraunaverkefni er að ræða sem verður endurmetið vorið 2020.

Ágústa Rósa víkur af fundi.

2. 1906053 - Fjárhagsáætlun 2020 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2021-2023

Þorgeir Hafsteinn Jónsson fjármálastjóri tekur sæti á fundinum.

Fjármálastjóri kynnir grunnforsendur fjárhagsáætlunarvinnu vegna 2020 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2021 til og með 2023 sem taki mið af spá Hagstofu Íslands.

3. 1902015 - Frávikagreining- fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs 2019

Þorgeir Jónsson fjármálastjóri fer yfir stöðu fjárhagsáætlunar skóla- og frístundasviðs.

Skóla- og frístundaráð þakkar fjármálastjóra góða kynningu á fjárhagsstöðu skóla- og frístundasviðs. Jákvætt er að stofnanir sviðsins séu almennt reknar innan fjárhagsramma það sem af er ári.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:30.

Bárða Daðadóttir
 Ragnar Sæmundsson
 Sandra M. Sigurjónsdóttir
 Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir
 Valgerður Janusdóttir